

beiðzt þess, að Jóni Þorkelssyni, kennara við lærða skólann í Reykjavík, verði veitt launabót úr ríkissjóði, er nemi svo miklu, að laun hans verði 1000 rdl. að upphæð á ári¹. 1864.
13. apríl.

Þó nú stjórnarráðið ekki gæti fallið á að fara þess á leit við ríkisþingið, að embættismanni þessum yrði veitt svo mikil launaviðbót, sem alþingi hafði stungið upp á, þá virtist eigi að slíður æskilegt að fara svo nálægt tillögum þingsins í þessu máli, sem unnt væri, og þótti í því tilliti réttast að fara þannig að, að reikna launaviðbót þá, er hann ætti að fá fyrir embættisþjónustu eftir því, sem til var ætlaðt í frumvarpi til laga um launaviðbót ýmsra embættismanna á Íslandi 19. janúarm. f. á., því er stjórnin lagði fyrir ríkisþingið, á þann hátt, að embættisþjónusta hans sem kennara við skólann væri talin frá þeim tíma, er hann var settur í kennaraembætti það, er til bráðabirgða var stofnað við skólann eftir heimild þeirri, er til þess var veitt í fjárlögunum fyrir fjárhagsárið 1859—60, og þaræð hann eftir því ætti að fá á yfirstandandi fjárhagsári 100 ríkisdala viðbót við þá 500 rdl., er hann áður hefir haft í laun, eður alls 600 rdl., var þessi upphæð tilfærð í frumvarpinu til fjárlaganna, og hefir ríkisþingið veitt launaviðbót þá, er þannig var stungið upp á, eins og betur má sjá af fylgiskjalinu við fjárlögin fyrir fjárhagsárið 1864—65, að því leyti snertir gjöld Íslands til kirkju- og kennslumálanna, en það fylgiskjal var sent yður með bréfi hinnar íslenzku stjórnardeildar, dags. 30. f. m.

Þetta er yður hérmeð kunngjört, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það Jóni skólakennara Þorkelssyni.

32. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til biskupsins yfir Íslandi, um styrk handa uppgjafaprestum og prestsekkjum á Íslandi. 16. apríl.

Í bréfi 11. júlím. f. á. var yður, háæruverðugi herra, kunn-

¹) Sjá alp. úð. 1863. I, 449—452.

1864.

16. apríl.

gjört, að stjórnarráðið hefði í hyggju að fá styrktarsjóð sinn aukinn svo, að styrkur sá, sem fátækir uppgjafaprestar og prestsekkjur á Íslandi hafa úr honum fengið á síðari árum, verði framvegis hækkaður frá 200 rd. til 500 rd.

Eptir að stjórnarráðið var búið að fá skýrslur þær, er það fyrrum hafði um bedið og hingað bárust með bréfi yðar 24. ágústm. f. á., viðvíkjandi öllum uppgjafaprestum og prestsekkjum á Íslandi, var hlutast til um, að uppástunga um þetta efni yrði tekin inni fjárlagafrumvarp það, er lagt var fyrir hið síðasta ríkisþing; en þegar frumvarp þetta var samið þótti réttast að fá fjártillagið með því móti, að ofan greind upphæð væri tilfærð með þeim gjöldum til Íslands, er snerta kirkju og kennslustjórnina, og hefir ríkisþingið í fjárlögunum fyrir yfirstandandi fjárhagsár, er út komu 21. f. m., 9. gr. VI. B. 3. veitt 500 rd. í þessu skyni, og er fé þetta tilfært í fylgiskjali fjárlaganna, því er sent var stiptyfirvöldunum á Íslandi með bréfi hinnar íslenzku stjórnardeildar, dags. 30. f. m.

Um leið og yður er kunngjört þetta skal skorað á yður, þegar þér sendið bænarskrár þær, er til yðar eru komnar frá uppgjafaprestum og prestsekkjum á Íslandi um styrktarfé, að stinga uppá, hvernig úthluta skuli þeim 500 ríkisdöllum, er þannig hafa veittir verið; svo eruð þér einnig beðnir að gjöra slíka uppástungu framvegis í byrjuninni á hverju fjárhagsári, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í bréfi stjórnarráðsins, dags. 14. októberm. 1859.

19. apríl.

33. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um eptirlaunaviðbót Elínar Thorstensen, landlæknisekkju.

Útaf bænarskrá frá hinu síðasta alþingi¹, er hingað barst með álitsskjali yðar, herra stiptamtmaður, sem konungsfulltrúa á þinginu, dags. 15. septembermán. f. á., var samið í dómsmála-

¹) Sjá alþ.-tíð. 1863. I, 447—449.